

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 77/98
frá 31. júlí 1998

um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn,
um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98 frá 1. mars 1998 um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja⁽¹⁾ sem kemur í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3384/94 um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Skráin í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn endurspeglar almenna stöðu löggjafar bandalagsins á þessu sviði.

Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/98 frá 27. mars 1998⁽³⁾.

Fella ber reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/97 inn í skrána í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 61, 2. 3. 1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 377, 31. 12. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 190.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 3. gr. í 2. lið bókunar 21 við samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3384/94) komi eftirfarandi:

„2. **398 R 0447:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98 frá 1. mars 1998 um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um effirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. EB L 61, 2.3.1998, bls. 1).”.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

